MENNING

menning@24stundir.is

Þar sem ég var einn á ferð var ég frjáls eins og fuglinn og enginn var að reka á eftir mér eða bíða.

Tilnefningar til Eyrarrósarinnar

yrarrósin, sérstök viðurkenning rir framúrskarandi menningar- rkefni á landsbyggðinni, verður ent á Bessastöðum fimmtu- ginn 10. janúar klukkan 16. ú verkefni hafa verið tilnefnd nópi umsækjenda, en það eru lakórinn Heimir, Aldrei fór ég ur og Safnasafnið. Dorrit Mo- ieff veitir verðlaunin.

keypis gangur

gar árið r gengið í r aðgangur m húsum fns Reykja- keypis alla g í Hafn- u verður klukkan mtudagskvöldum frá og janúar. Borgarstjóri til- essa nýbreytni í Hafn- í síðustu viku eins og r frá í 24 stundum.

nnfræði ðarvara?

stur Mannfræði- s á nýhöfnu ári verð- ReykjavíkurAka- stkomandi öld klukkan 20. Þar nar Þór Jóhann- *Er mannfræði vefn- vangsrannsóknir í gju.* Þar veltir hann m um þekking- nnfræði og hvort ern hátt lík vefn-

Krýsuvík Ein af myndum Ellerts af litadýrðinni við fyrirhugað virkjunarsvæði í Krýsuvík.

Náttúruljósmyndir úr ýmsum áttum í Saltfisksetrinu í Grindavík

Óvissusvæði mynduð

Útivist og ljósmyndun fara ákaflega vel saman að mati Ellerts Grétarssonar ljósmyndara sem opnar sýningu á landslagsljósmyndum í Saltfisksetrinu í Grindavík næstkomandi laugardag.

Eftir Hildi Eddu Einarsdóttur
hilduredda@24stundir.is

Ellert Grétarsson ljósmyndari opnar sýningu á landslagsmyndum sínum í Saltfisksetrinu í Grindavík næstkomandi laugardag, þann 5. janúar. Myndirnar voru teknar víðsvegar um landið á síðustu árum. „Ég hef svolítið verið að mynda þessar náttúruperlur sem óvissa ríkir um núna vegna möguleg virkjanaáforma, eins og á Reykjanesinu og hálendinu, til dæmis Þjórsárverum og Langasjó," segir hann, en neitar því þó aðspurður að um pólitíska sýningu sé að ræða. „Þetta snýst ekki um að taka einhverja afstöðu heldur bara fyrst og fremst um að sýna fólki fallega landið sem það býr í, og ef það á að virkja er auðvitað alveg sjálfsagt að eiga myndir af svæðunum eins og þau voru fyrir framkvæmdirnar."

ELLERT

- **Hefur undanfarin ár sýnt ljósmyndir sínar í New York, Barcelona, Los Angeles, Sofia, Falls River, og fleiri erlendum borgum.**
- **Ellert hlaut nú síðastliðið haust þrjár svokallaðar Honorable Mention-viðurkenningar við veitingu International Photography-verðlaunanna 2007. Viðurkenningarnar hlaut hann fyrir náttúruljósmyndun í flokki atvinnumanna.**

Einn á ferð

Ellert segist haldinn mikilli útivistardellu og að ljósmyndun fari vel saman við það áhugamál hans. „Margar af þessum myndum á sýningunni voru einmitt teknar á fjögurra vikna ferðalagi mínu um landið síðasta sumar þar sem ég var einn míns liðs með tjaldið og myndavélina meðferðis. Ég var á ferð suður með landinu og myndaði til dæmis Fjarðarárgljúfur hjá Kirkjubæjarklaustri, Skaftafell og Langasjó og fór svo austur í Borgarfjörð. Þetta var eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert um ævina, og ég fór út úr tjaldinu með myndavélina á morgnana og sneri svo aftur á kvöldin. Þar sem ég var einn á ferð var ég frjáls eins og fuglinn og enginn var að reka á eftir mér eða bíða. Ég er alveg ákveðinn í að fara í svona ferð aftur á næsta ári og taka fleiri myndir," segir hann.

Reykjanesið er fagurt

En hann þarf ekki alltaf að leita langt til þess að finna góð myndefni. „Bara hérna rétt við bæjardyrnar er til dæmis Trölladyngja sem er háhitasvæði með þvílíkri litadýrð og það tekur ekki nema um hálftíma að keyra þangað frá Reykjanesbæ. Raunar hefur mér komið á óvart hvað margir virðast vita lítið um þær fjölmörgu útivistarparadísir sem eru á Reykjanesinu. Kannski tengist það því að fólki finnst það *of* nálægt stórum þéttbýlissvæðum og ef til vill hafa margir mjög einhæfa mynd af Reykjanesinu eftir að hafa keyrt Reykjanesbrautina aftur og aftur og séð ekkert nema endalausar hraunbreiður."

Góð tilbreyting

Ellert starfar sem ljósmyndari og blaðamaður á Víkurfréttum og segir landslagsmyndatökurnar veita ágætis tilbreytingu frá fréttaljósmynduninni. „Oft er ég ekki með nein ákveðin myndefni í huga fyrirfram heldur fer bara út með myndavélina með mér og athuga hvað ég sé," segir hann.

En geturðu eitthvað myndað núna í svartasta skammdeginu?

„Flestar myndirnar á sýningunni eru teknar að sumarlagi en á henni eru líka nokkrar fallegar vetrarmyndir. Birtan getur orðið afar falleg á þessum tíma árs þótt hún vari stutt og það er spennandi að mynda í henni. Hins vegar hafa ekki gefist mörg tækifæri til þess að undanförnu enda veðrið ekki beinlínis búið að vera upp á marga fiska. En ég fylgist vel með því og mynda þegar það er mögulegt," segir Ellert. Sýningin verður opnuð í Saltfisksetrinu í Grindavík á laugardaginn klukkan 14.

skur Radiohead, In Rainbows